

L Ö G

um

33

23. júní

stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti, hið þriðja, í læknadeild Háskóla
Íslands.

2. gr.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana,
sem fyrir eru við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.